

119
10. sept.

- konar, skal aðeins greiða kr. 15.00 fyrir hverja, fyrir hvert skipti, fram og aftur samanlagt. Líði meira en 6 mánuðir milli ferða reiknast gjaldið aftur. Sama gjald greiðist fyrir jarðvinnsluvélar, sem fluttar eru vegna vinnu og um höfnina fara. Séu vélarar yfir 6 smálestir er gjaldið kr. 50.00.
6. flokkur. Kr. 2.50 hvert stykki:
Sauðfé, endursendar umbúðir, tóm föt og tunnur, loðdýr.
7. flokkur. Kr. 4.00 hvert stykki:
Gosdrykkir, svaladrykkir, öl, benzín á tunnum, fernisolía, lýsi, lýsiskvoða, kjöt í tunnum, síld í tunnum, smurningsolíur, steinolía og aðrar vörur fastar eða fljótandi, sem fluttar eru í þess konar ílátum, ótaldar annars staðar. Súr- og gas-hylki, full og tóm, stykkjavara að 100 kg, ótalin annars staðar.
8. flokkur. Kr. 10.00 hvert stykki:
Hestar, nautgripir, svín.
9. flokkur. Kr. 0.30 hvert rúmfet:
Timbur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli, ótaldar annars staðar.
Vöru skal flokka til gjaldskrár eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur, og greiðist gjaldið eins og þar segir, þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en kr. 4.00, og brot úr gjaldeiningu reiknast sem heil.

25. gr.

Vörugjald af afla greiðist að hálfu leyti af óskiptum afla, en að hálfu leyti af kaupanda aflans. Kaupandi skal innheimta aflagjald það, sem reiknast af óskiptum afla og standa skil á því til hafnarsjóðs innan viku frá gjalddaga. Kaupandi ber ábyrgð á öllu gjaldinu gagnvart hafnarsjóði. Gjaldið fellur í gjalddaga, þegar afla er skipt, eða hann afreiknaður hjá kaupanda.

Vörugjald af öllum aðfluttum vörum greiðir móttakandi, en sendandi af útfluttum vörum, og er það gjaldkræft, er skipið, sem vöruna flytur, er komið á höfnina eða áður en það flytur vöru brott.

Afgreiðslumaður skips skal ávallt standa innheimtumanni skil á vörugjaldinu. Rétt á afgreiðslumaður á innheimtulaunum samkvæmt samningi við hafnarnefnd.

Brot úr gjaldeiningu reiknast sem heil eining. Leiki vafi á því, í hvaða gjald-flokki skuli telja einhverja vöru, sker hafnarstjóri úr.

Skipstjóri skips, sem hefur farm sinn skráðan, skal láta hafnarstjóra eða hafnarverði í té eftirrit af farmskránni. Skipstjóri skips, sem ekki hefur farm sinn skráðan, skal gefa hafnarstjóra eða hafnarverði skýrslu um farminn, þegar er skipið kemur í höfnina og áður en það lætur úr höfn. Sama skylda hvílir á afgreiðslumanni skips. Verði ekki sannreynt, hvert vörumagn skip flytur, er hafnarstjóra heimilt að meta magnið til vörugjalds. Sá sem lætur fyrir farast að gefa nefnda skýrslu eða gefur ranga eða villandi skýrslu um farm skips, hefur með því gerzt brotlegur við reglugerð þessa. Skipstjóri og útgerðarmaður þess skips, sem flytur óskráðar vörur, ber ábyrgð á greiðslu vörugjalds af þeim vörum, og einnig sá, sem annast afgreiðslu slíkra skipa. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörum, unz vörugjald er greitt.

26. gr.

Undanþeginn vörugjaldi er póstflutningur, farþegaflutningur, vistir og aðrar nauðsynjar til skipa til eigin þarfa, svo og vörur, sem lagðar eru á land til umskipunar til annarra hafna.

27. gr.

Öll gjöld og sektir samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.